



223. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. maí 2024, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: Sigurður Halldór Árnason. Arnar Kristjánsson var utan netsambands og náði ekki að tengjast fundinum.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerð 222. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 222. fundar nefndarinnar, sem var haldinn 18. mars 2024.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Svar frá stýrihópi um vernd hafsins

Breiðafjarðarnefnd sendi stýrihópi um vernd hafsins bréf í mars með tillögum vegna áfangaskýrslu sem hópurinn skilaði af sér í janúar 2024. Hægt er að lesa áfangaskýrslu [hér](#).

Afgreiðsla:

Svar stýrihópsins, sem barst nefndinni í lok mars, var lagt fram til kynningar.

Ákveðið var að sækjast eftir frekara samráði við stýrihópinn. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja sig í samband við formann stýrihópsins til að ræða framhaldið.

3. Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery and Arctic Programme)

Breiðafjarðarnefnd hefur verið í samskiptum við aðila á Írlandi vegna mögulegrar þátttöku í rannsóknarverkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar. Verkefnið snýst um kortlagningu og vöktun auðlinda á strandsvæðum. Breiðafjarðarnefnd telur að kortlagning og vöktun strandsvæða hafi mikla þýðingu og er sérstaklega áfram um að auka hana við Breiðafjörð.

Afgreiðsla:

Fyrir liggur að starfsmaður Breiðafjarðarnefndar og fulltrúi verkefnisins á Írlandi fundi til að ræða nánar mögulegt samstarf.

4. Grundarfjarðarviti, sögupóstar og sagan – Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar og Sævars Pálssonar

Breiðafjarðarnefnd hefur verið í samskiptum við Sævar Pálsson í nokkur ár vegna verkefnisins „Grundarfjarðarviti, sögupóstar og sagan undir Kirkjufelli við Grundarfjörð“ og hefur hug á að stuðla að framgangi verkefnisins.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar nýjustu upplýsingar um framgang verkefnis. Breiðafjarðarnefnd ræddi frekari aðkomu nefndarinnar að verkefninu og mun starfsmaður Breiðafjarðarnefndar setja sig í samband við Sævar og vinna með honum að því að klára verkefnið á þessu ári.

5. Örnefnaskráning á Breiðafirði – samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar og NÍ

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa til margra ára unnið að samvinnuverkefni um skráningu örnefna við Breiðafjörð. Verkefnið er í umsjón Þorvalds Þórs Björnssonar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun Íslands gerðu síðast samstarfssamning árið 2023.

Breiðafjarðarnefnd hefur borist ósk frá Náttúrufræðistofnun Íslands um framhald verkefnisins árið 2025.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi framhald verkefnisins á fundinum og mun setja sig í samband við Náttúrufræðistofnun til að hefja vinnu við gerð samnings um framhald samstarfsins.

6. Vettvangsferð 2024

Breiðafjarðarnefnd vinnur að undirbúningi vettvangsferðar sinnar árið 2024.

Afgreiðsla:

Haldið var áfram umræðum um vettvangsferð sem er fyrirhuguð í júlí 2024. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun áfram skipuleggja ferðina í samræmi við vilja nefndarinnar.

7. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2023

Breiðafjarðarnefnd vinnur að starfsskýrslu ársins 2023 og voru fyrstu drög send á nefndarfólk fyrir fundinn.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drögin á fundi og samþykkti að senda starfsmanni Breiðafjarðarnefndar athugasemdir í tölvupósti eftir fundinn. Drögin verða svo uppfærð fyrir næsta fund þar sem Breiðafjarðarnefnd hyggst afgreiða málið.

8. Stýrihópur vegna framtíðar Breiðafjarðar

Stýrihópur vegna framtíðar Breiðafjarðar hefur starfað síðan 2022. Formaður Breiðafjarðarnefndar situr í stýrihópnum og var starfsmaður Breiðafjarðarnefndar auk þess starfsmaður stýrihópsins til júlí 2023. Í mars 2024 voru haldnir íbúafundir við Breiðafjörð til að ræða framtíð Breiðafjarðar á grundvelli tillagna stýrihópsins.

Breiðafjarðarnefnd ræddi aðeins um framgang vinnu stýrihópsins og niðurstöðurnar á síðasta fundi en ákvað þá að fresta umræðu til þessa fundar vegna þess að ekki var búið að halda alla íbúafundina og nokkrum nefndamönnum hafði ekki gefist kostur á að sækja íbúafund.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi um íbúafundi stýrihóps og kynningarefni sem hópurinn gaf út.

Nefndin telur að vinna stýrihópsins sé þýðingarmikil fyrir Breiðafjörð. Breiðafjarðarnefnd lagði grunninn fyrir vinnu stýrihópsins og ættu að hennar mati framtíðartillögur hennar virkilega að styrkja vernd svæðisins til framtíðar. Skýrslu Breiðafjarðarnefndar, sem var gefin út árið 2021, má sjá [hér](#).

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 18. júní kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10.